

XI. KAFLI
 Ýmis ákvæði.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með Þróunarsjóði leikskóla og setur reglur um styrkveitingar úr sjóðnum.

28. gr.

Um heislugæslu og hollustuhætti í leikskólum fer eftir gildandi lögum og reglugerðum.

Um byggingu leikskóla og öryggi barna í leikskólum, að öðru leyti en reglugerð þessi tiltekur, fer á hverjum tíma eftir gildandi lögum og reglugerðum um m.a. öryggis-, skipulags-, og byggingarmál.

29. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. apríl 1995.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um kynbótamat úrvalskynbótagripa og gjald á útflutningshross.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur hrossaræktarnefnd, sem starfar skv. 4. og 5. gr. laga nr. 84 30. maí 1989 um búfjárrækt, ákveðið eftirfarandi mörk kynbótamats fyrir hross, þannig að þau teljist úrvalskynbótagripir:

1. *Stóðhestar*: Ógelt hesttryppi yngri en fjögurra vetra og aðrir stóðhestar sem ekki hafa einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.
Stóðhestar með einstaklingsdóm: 120 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.
2. *Hryssur*: Allir aldursflokkar hryssna, bæði einstaklingsdæmdar hryssur og ódæmdar: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Samkvæmt heimild í 5. gr., laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur verið ákveðið að gjald fyrir hvert útflutt hross skuli vera kr. 8.000. Greiðist útflutningsgjaldið í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum o.fl.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. apríl 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.